

GJALDSKRÁ

um sorphreinsun í Skaftárhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphreinsunargjald (sorphirðu- og sorpeyðingargjald) í Skaftárhreppi samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphreinsun í Skaftárhreppi nr. 342/2004. Sorphreinsunargjald er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Til íbúða teljast heimili í dreifbýli og íbúðir á Kirkjubæjarklaustri. Sorphreinsun er ekki veitt frístundahúsum og er eigendum og íbúum frístundahúsa bent á gámaði við Kirkjubæjarklaustur. Einnig verða gámar staðsettir við helstu frístundabyggðir yfir sumartímann. Sorpeyðingargjald er innheimt vegna frístundahúsa. Til lögbýla teljast búhlutar jarða í ábúð þar sem stundaður er búrekstur í atvinnuskyni. Til fyrirtækja teljast þeir lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur.

3. gr.

Árlegt sorphreinsunargjald er sem hér segir:

a.	Íbúðir	kr. 17.200
----	--------	------------

b.	Lögbýli	
----	---------	--

	Sorphreinsunargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:	
--	---	--

Flokkur b1	kr. 14.750
------------	------------

Flokkur b2	kr. 29.500
------------	------------

c.	Fyrirtæki	
----	-----------	--

	Sorphreinsunargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:	
--	---	--

Flokkur c1	kr. 19.800
------------	------------

Flokkur c2	kr. 59.000
------------	------------

Flokkur c3	kr. 118.200
------------	-------------

Flokkur c4	kr. 236.300
------------	-------------

d.	Frístundahús, sorpeyðingargjald	kr. 6.800
----	---------------------------------	-----------

Sveitarstjórn skipar lögbýlum og fyrirtækjum í flokka samkvæmt b og c. Við flokkun er miðað við umfang starfsemi og áætlað magn úrgangs.

4. gr.

Eigendur lögbýla og fyrirtækja geta farið fram á endurskoðun á ákvörðun um flokkun samkvæmt b- og c-lið 3. gr. og skal beiðni þar um vera skrifleg. Sveitarstjórn er heimilt að endurákvarða flokkun þegar ástæða þykir til.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skaftárhrepps að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands samkvæmt samþykkt um sorphreinsun í Skaftárhreppi nr. 342/2004 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Staðfest af heilbrigðisnefnd 2. febrúar 2012.

Kirkjubæjarklaustri, 10. febrúar 2012.

Eygló Kristjánsdóttir sveitarstjóri.